

**Ed.**

**418. Nefndarálit**

**[206. mál]**

um frv. til laga um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Svo sem fram hefur komið í umræðum um frv. þetta, harmar þingflokkur Alþýðuflokksins, að til hinnar langvinnu vinnudeilu á togarafлотanum skuli hafa þurft að koma. Um leið ber að fagna þeim samningum, sem Sjómannasambandið og útgerðsmenn náðu og undirritaðir voru 9. marz s. l.

Væri hlutfallslegt launajafnræði á milli undir- og yfirmanna með frv. tryggt. gæti Alþýðuflokkurinn fallizt á að lögfesta kjarasamninga milli þessara aðila. Það er hins vegar skoðun forustumanna sjómannasamtakanna, að með frumvarpinu séu yfirmönnum tryggður kjarabætur umfram það, sem þeir sömdu um 9. marz s. l. Í frv. er yfirmönnum tryggð 0.075% hækkun launa, ef skipverjum fækkar. Slík ákvæði eru ekki í samningum undirmanna. Með þessum hætti er læzt aftan að undirmönnum, sem fyrir örfáum dögum sömdu í frjálsum samningum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur rétt, að yfirmenn haldi þessum rétti, sem þeim er sumpart tryggður með lögum, en telur hins vegar réttlætismál, að undirmenn fái hliðstæða kjarabót til viðbótar þeim kjarabótum, er þeir sömdu um fyrir tveim vikum. Til tryggingar þessu mun ég flytja sérstaka breytingartillögu.

Ef breytingartillaga þessi verður samþ., mun Alþýðuflokkurinn styðja frv. Verði hún hins vegar felld, mun flokkurinn ekki styðja frumvarpið.

Alþingi, 22. marz 1973.

Eggert G. Þorsteinsson.